

Reglugjörð

fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta, fjallskil, réttarhöld, meðferð á óskilafénaði, grenjaleitir, refaveiðar o. fl.

I. kafli.

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögnum 10. nóv. 1905 hefir sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

II. kafli.

Um upprekstur í afrétti og heimalönd.

2. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að búfjárhögum sé eigi íþyngt um skör fram á sumrum. Í þeim hreppum, sem afréttir tilheyra, skulu allir, er sauðfé hafa til eignar eða umráða, skyldir að reka geldfé og lömb á afrétt eftir nánari ákvörðun hreppsnefnda, og gildir hið sama í þeim hreppum, þar sem hreppsnefndir hafa útvegað mönnum afrétt í annari sveit.

3. gr.

Ef afréttur ber ekki alt fjallfé hreppsmanna, eiga þeir að nota hann annaðhvort til skiftis, eða hver einn að tiltölu, eða nokkurir af hreppsmönnum með samþykki hinna.

4. gr.

Hreppsnefndin hefir vald til að segja fyrir, hvort og hve lengi lömb skulu setin, áður en þau eru rekin til afréttar, hvernig haga skuli rekstrum í afrétt, svo og um rekstur þess fjár til afréttar, sem rennur úr afrétti.

5. gr.

Enginn má án leyfis hreppsnefndarinnar ljá öðrum upprekstur í tiltölu sína í afrétti hreppsins.

6. gr.

8

12. jan.

Hreppsnefnd er skylt, þegar einstakir menn krefjast þess, að afstýra yfirgangi af innsveitis og utansveitarfénaði og hrossum í heimalandi, sem ekkert leyfi eða heimild er fyrir, og hefir í því skyni vald til að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði í sveitinni þegar henni þykir þurfa. Það sauðfé er fyrir kemur, má hreppsnefndin láta reka í afrétt hreppsins, og taka af utansveitarfé fullan hagatoll: tuttugustu hverja kind, eða tuttugasta hluta verðs fjárins eftir verðlagskrárverði, ef fé þetta er rekið í afrétt fyrir júnimánaðarlok, en að tiltölu minna, ef síðar er rekið. Heimilt er hreppsnefnd og að láta reka fé þetta heim til eiganda í öðrum sveitum.

7. gr.

Enginn má reka fénað sinn í lönd annarra án leyfis þeirra eða skilja þar eftir af rekstrum sínum. Heldur eigi mega menn láta annarra fé fara í rekstra sína til og frá af afrétti og reka fé þetta með rekstrum sínum.

III. kafli.

Um fjallskil.

8. gr.

Sérhver, sem afrétt á að nota, á tiltölu til hans, eða leigir hann og hefir 40 kindur veturgamlar og eldri til eignar eða umráða, er skyldur til, hvort sem hann rekur fé sitt á afrétt eða eigi, að leggja 1 mann til fjallsafns, er sé að minsta kosti 16 ára að aldri og álitist til þess fær; þó skulu þeir, sem í Holtamannaafrétt reka, því að eins skyldir að leggja einn mann hver til fjallsafns, að þeir hafi hver um sig 60 kindur veturgamlar og eldri, og þeir, sem hafa 250 fjár eða meira til eignar og umráða, veturgamalt og eldra, leggi til viðbótarfjallskil eftir mati hreppsnefndar. Sá, sem hefir 100 fjár til eignar og umráða veturgamalt og eldra, skal auk þess taka þátt í kostnaði, sem leiðir af utansveitarrettaferðum til hirðingar á sauðfénaði, er þar ber að hirða, og reka upp að sumrinu þar sem þess þarf við. Ef maður eða menn eiga hlut að tveimur afréttum, ber honum eða þeim að gegna fullum fjallskilum á báðum afréttunum, að tiltölu við aðra, ef hreppsnefnd eða hreppsnefndir krefjast þess. Alla, sem færri fé eiga en hér er tiltekið, lætur hreppsnefndin leggja til eftir ástæðum þeirra.

Ef hreppsnefndin álitur mjög sett í afrétt hreppsins, og einhver búandi í hreppnum útvegar sér upprekstur í annan afrétt, má hreppsnefndin leysa þann mann undan fjallskilum að meira eða minna leyti.

Ákvæði þessi gilda jafnt um húsmenn og lausamenn sem bændur.

8

9. gr.

12. jan.

Hreppsnefnd skal með fjallseðli, sem byrji að ganga um sveitina 3 vikum áður en fyrsta fjalleit er byrjuð, boða fjalleit fyrir hvern einstakan afrétt, enda skal hún láta gjöra fjalleitir svo snemma, að fjallsafni sé lokið og verði réttað: í Holta- og Landréttum og Rangárvallaréttum föstudaginn í 23. viku sumars — hreppsnefnd Ásahrepps skal þó heimilt að rétta fjallsafni þess hrepps degi fyr — Fljótshlíðarhreppi og Hvolhreppi fimtudaginn og í öðrum hreppum sýslunnar miðvikudaginn næstan á undan Smölun í Hekluhraunum má geyma þangað til mánudaginn fyrir fyrstu bygðasafnsrétt.

10. gr.

Hreppsnefnd ber að ráða umsjónarmann »fjallkong«, einn eða fleiri í hvern einstakan afrétt, og getur engin skorast undan slíkum starfa nema brýna nauðsyn beri til. Fjallkongur skal fara eftir því, sem hreppsnefnd fyrirskipar um söfnun afréttarins, en í afréttinum hefir hann öll ráð og fyrirsögn á hendi, hann skipar í leitir, hann ræður fyrir réttarhaldi, ef rétta þarf, og sérhverju öðru, er söfnun fjárins viðvíkur, alt þangað til safnið er komið til almenningsrétt, og er safnmönnum skylt að hlýða honum, meðan á þessu stendur.

11. gr.

Sérhver fjallsafnsmaður skal vera með fullri verkgreind og heilsu, og svo útbúinn að hestum, mat, fötum og skóledri og tjaldrúmi o. fl., sem hreppsnefndin ákveður.

12. gr.

Ef fjallkongur með meiri hluta fjallsafnsmanna gjörir einhvern fjallmann afturreka fyrir einhvern brest á því, er áður var talið, eða fyrir óhlýðni eða ólæti, er að álita, sem sá maður, er þennan mann leggur til, hafi engin fjallskil gert, og skal hann því borga fyrir fjallskil sin eftir mati hreppsnefndar.

13. gr.

Þar skal hver vera í göngu, sem honum er skipað, og skal hann vandlega smala svæði það, er hann skal leita. Menn frá þeim, sem fjárrikastir eru, skulu sæta hinum örðugustu göngum, nema hamragöngur séu; þær skulu þeir hafa, er bezt eru til færir. Með örðugustu göngum telst það líka, þegar nokkurir eru sendir lengra í afrétt en aðrir.

14. gr.

Haga skal svo fjallgöngum, þar sem því verður við komið, að ekki verði misgöngur afrétta í milli, skulu hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, koma sér saman um, hvernig því verði viðkomið,

15. gr.

8

Þar sem svo hagar til, að afréttur þarf eigi allra sinna manna með til fjallsafns, tekur hreppsnefndin fram á fjallseðlinum, hve margir og hverjir skuli geymast til eftirsafns. 12. jan.

IV. kafli.

Um bygging og viðhald almenningsréttta og stjórn á réttahöldum.

16. gr.

Hreppsnefnd sér um, að almenningsréttum hreppsins með tilheyrandi dilkum sé vel viðhaldið, og heyrir þartil eigi einungis, að allir veggir þeirra séu stæðilegir um réttatímamann og nægilega háir, heldur einnig, að almenningsréttinni sé svo hagað, að ekki standi vatn í henni, þótt votviðri séu, til óhægðar við fénaðarhirðingu. Við sérhverjar almenningsréttir skulu vera nægir diltar fyrir utansveitarfé og óskilafé og nægilegt rúm í hverjum dilk, til þess að enginn þurfi að hleypa út úr þeim, fyr en réttum er lokið og hreppsnefndin eða sá, sem í umbodi hennar stjórnar réttarhaldi, leyfir, og hefir látið rannsaka féð í dilkunum af markglöggum mönnum. Bygging og aðgjörð á almenningsréttum og dilkum hvílir á öllum búendum hreppsins, og skal hún, ef hreppsnefndin skipar ekki öðruvísi fyrir, vera fullger á öðrum degi fyrir hinn fyrsta réttardag á haustin. Ef einhverjir þá hafa ekki aflokið skylduvinnu sinni, skal hreppsnefndin láta á næsta degi vinna verkið á þeirra kostnað.

17. gr.

Vilji hreppsnefnd breyta um réttarstæði, þarf hún til þess samþykki meiri hluta hreppsbúa og þeirra, sem land eiga.

18. gr.

Hreppsnefndin skipar fyrir um innrekstur við réttarhöld og kveður á, hvenær réttum sé lokið, og gætir þess vandlega, að þar fari alt fram í sem beztri röð og reglu. Líka skal það í valdi hennar, hvort hún vill bjóða með undirboði upp til geymslu á kostnað sveitarinnar þann óskilafénað, sem verður í fjallsafnsrétt, eða sleppa honum.

19. gr.

Hvenær sem réttir eru haldnar, skulu hlutaðeigandi hreppstjórar einnig vera viðstaddir, hvort sem þeir eru í hreppsnefndinni eða ekki, og gæta almennrar lögreglu.

V. kaflí.

Um eftirleitir.

20. gr.

Eftirleit í afréttum skal gjörð svo fjótt eftir fjallsafnsréttir, sem unt er og veður leyfir, og í því sambandi við bygðasöfn, að sem minstar misgöngur eigi sér stað milli afrétta og heimalanda. Þyki hreppsnefnd þörf á annari eftirleit, hefir hún vald til að fyrirskipa hana. Hamli óveður fjallsafns- eða eftirleitarmönnum áður en þeir hafa byrjað leit á afrétti, er sú ferð, sem ófarin væri. Eftirleit í Hekluhraunum skal fram fara mánudaginn í 26. viku sumars.

21. gr.

Ef þeir eru of fáir til eftirleita, sem ganga af fyrsta fjallsafni, jafnar hreppsnefndin niður þeirri viðbót, sem með þarf, á alla hina efnadri fjáreigendur, er eiga hver um sig eigi færri en 50 sauðkindur eldri en lömb að eign og umráðum.

22. gr.

Ef afréttur er notaður af sumum en ekki öllum hlutaðeigendum til uppreksturs, skulu þeir, sem nota hann, ávalt leggja í viðbótina alt að einum manni hver, en nægi það ekki, þá sé bætt við á sama hátt og segir í 21. gr.

23. gr.

Í afréttum, sem þurfa allra sinna manna með til fyrsta fjallsafns, skipar hreppsnefndin fyrir um eftirleitir á sama hátt og segir í 21. grein.

24. gr.

Fé því, sem finst í eftirleitum og eigandi leiðir sig ekki fyr að, skal ávalt haldið til skila af eftirleitarmönnum til næstu bygðasafnsréttar á eftir.

25. gr.

Að afloknum þeim fjalleitum, sem hreppsnefndin lætur gjöra, eru hrepps- búum heimilar eftirleitir í afrétti, en skylt skal þeim að fá til þess samþykki hlutaðeigandi hreppsnefnda, ef þeir vilja eiga von á borgun fyrir fyrirhöfn sína. Finnist nokkurt fé í þessum leitum óheimt, skal eigandi borga finnanda einn þriðjung verðs fyrir hverja óheimta kind, sem finst, en það, sem ávantar $\frac{2}{3}$ verðs fyrir veturgamalt fé og eldra og helming verðs fyrir lömb greiðist úr hreppssjóði; þó má hreppsnefnd gera breyting á þessu eftir mismunandi erfð- leikum afréttanna. Hreppstjórar skulu virða féð til þessarar borgunar.

Skylt er að hagamerkja alt féð, jafnóðum og það heimtist.

26. gr.

8

Úr heimahögum leyfist engum að selja nokkra skepnu eins og fundna í 12. jan. eftirleit, að afloknum lögsöfnum.

Skyldur skal þó hver einn, sem verður var við að fé er komið í sveltum í hömrum eða annarstaðar í landeign sinni, á hverjum tíma árs sem er, að sjá um, ef eigi næst til eiganda, að því sé bjargað ef unt er, og ber honum borgun fyrir það af eiganda eða af andvirði kindarinnar, ef eigandi finst eigi, eftir mati hlutaðeigandi hreppsnefndar. Hver sá, sem verður var við meinakind í búfjárhögum sínum, er skyldur að tilkynna það eiganda sem fyrst.

VI. kafli.

Um bygðasöfn og bygðasafnsréttir.

27. gr.

Í hverjum hreppi skulu auk fjallsafnsréttar haldnar að minsta kosti 4 bygðasafnsréttir að sauðfé þriðjudagana í 23., 24., 26. og 27. viku sumars eða fyrstu viku vetrar, nema í hreppum sýslunnar milli Ytri-Rangár og Markarfljóts, þar skal fyrsta bygðasafnsrétt haldin miðvikudaginn í 23. viku sumars; hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps skal láta geyma óskilafé til miðvikudags ókeypis. Í Hvolhreppi og Austur-Landeyjum skal halda rétt sama dag og smalað er, nefnilega í 1. rétt á þriðjudag, en í öðrum réttum á mánudag, en óskilafé skal hreppsnefndin láta geyma, svo sem væri þar rétt eins og í næstu hreppum.

28. gr.

Heimilt skal hreppsnefnd, þar sem því verður viðkomið, að fyrirskipa þeim, er næstir búa afrétti, að smala sérstaklega heimaland sitt í sambandi við fjallsöfn og koma því óskilafé, sem þeir finna, í fjallsafnið.

29. gr.

Bygðasöfnun skal fram fara daginn á undan hverri bygðasafnsrétt, nema í Hvolhreppi, Austur-Landeyjum og Vestur-Landeyjum (sbr. 27. gr.). Hver og einn skal þá skyldur til að smala alt heimaland sitt, og hlýðnast þeim fyrirskipunum hreppsnefndarinnar, sem miða því til tryggingar, að vel sé smalað, og að almenningur sé samtaka í smöluninni bæði innbyrðis og sveita á milli. Skal síðan alt óskilafé forsvaranlega byrgt inni um nóttina, og rekið til almenningsréttarinnar í tækan tíma næsta dag.

30. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal tiltaka fyrirfram á hverju hausti, hverjir skulu sveitar sinnar vegna senda í bygðarsafnsréttir til að hirða það óskilafé úr

8 sinni sveit, sem þar kynni að koma fyrir. Mega aldrei vera færri en 2 úr hverjum 12. jan. hreppi í fyrstu bygðarsafnsrétt utan sveitar.

Purfi að greiða ferjutoll fyrir fé, sem sótt er í réttir, borgast hann af sjóði þess hrepps, er rekstramenn eru úr, en sá hreppur hafi endurgjaldskröfu til þeirra hreppa, sem féð er úr.

31. gr.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps skal hirða í fyrstu bygðarsafnsréttum í Holtum og á Landi, alt óskilafé úr öllum hreppum sýslunnar fyrir austan Eystri-Rangá, og sjá um, að það komist í fyrstu bygðarsafnsrétt Rangárvallahrepps daginn eftir. Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps hefir hins sama að gæta í fyrstu bygðarsafnsrétt Austur-Eyjafjallahrepps með óskilafé úr þeim hreppum sýslunnar, er liggja fyrir utan Markarfljót. Hreppsnefndirnar í Fljótshlíðarhreppi og Hvolhreppi hafa hinnar sömu skyldu að gæta í Vestur-Eyjafjallahreppi með óskilafé úr hreppum sýslunnar fyrir utan Þverá, og skulu þeir koma fénu áleiðis til einhvers hreppsnefndarmanns í næstu sveit. Að öðru leyti mega 2 hreppar leggja saman til að senda í bygðarsafnsréttir í þeim hreppum, er engan afrétt eiga.

32. gr.

Sérhver hreppsnefnd hefir heimild til að fyrirskipa bygðarsafnsréttir lengur fram á vetur, ef henni þykir þurfa, einkum ef veður falla vel, svo að von sé á miklum samgöngum.

33. gr.

Verði einhver ber að því, að smala land sitt óforsvaranlega, eða alls ekki í bygðasöfnum, hefir hreppsnefndin vald til að setja tilsjónarmann við smölun hans, eða þá láta aðra framkvæma hana, hvorttveggja á kostnað hins seka.

34. gr.

Bakkabæjamenn skulu á bygðasafnsdögum halda skilarétt á Bakkabæjum, þar sem hreppsnefndin ákveður, og reka óskilafé, sem eigi er hirt þar, til almenningsréttar Vestur-Landeyjarhrepps.

35. gr.

Skilarétt á hrossum skal haldin í hverjum hreppi þriðjudaginn í 25. viku sumars, eftir smölun á þeim, er búendur skulu leysa forsvaranlega af hendi. — Heimilt skal þó hreppsnefndum að ákveða aðra hrossarétt fyr á haustinu. Hver einstakur eigandi hefir ábyrgð á, að hirða hross sín að skilarétt, hvort sem er utansveitar eða innan, að öðru leyti en því, sem ákveðið er í 36. grein um tókuhross.

VII. kafli

8
12. jan.*Um tókafénað.*

36. gr.

Hver, sem kemur lömbum sínum, sauðfé, nautum eða hrossum til sumar-
beitar hjá öðrum, og hver sá, er tekur slíkan fénað til sumarbeitar, er skyldur
að skýra hreppsnefndum sínum frá þessu, ef þær krefjast þess. Nú þykir hrepps-
nefnd einhver taka óhæfilega mikið af innansveitar eða utansveitarfénaði, naut-
um eða hrossum til sumarbeitar eða hagagöngu á vetrum, og hefir hún þá heim-
ild til að banna slíka töku fram yfir það, er hún metur að hagarúm hans geti
leyft. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndarinnar.

37. gr.

Komi tókufénaður til rétta, hefir sá ábyrgð á, sem tekið hefir.

VIII. kafli

Um kalineyrt og eyrnalaust fé og ómerkinga.

38. gr.

Kalineyrt og eyrnalaust fé og ómerkinga, sem lambsmæður eigi helga
sér í heimaréttum, skal sérhver reka til almenningsréttta bæði í fjallsöfnun og
bygðasöfnun, og skal hreppsnefndin sjá um, að alt slíkt fé sé dregið í dilk sér;
haldi einhver slíku fé frá réttum, eða dragi sér það án leyfis hreppsnefndar með
launung eða ofriki, hefir hann fyrirgjört eignarrétti að hinni sömu kind, er þannig
er meðfarið, þótt lambsmóðir helgi sér á eftir. Síðan skal leiða ær að dilkum,
sem og leyfa mönnum með öðru móti að sanna eignarrétt sinn með óbrigðulum
einkennum, en þó eigi af fjárbragði einu saman. Ómerkinga þá, sem enginn
hefir helgað sér í lok hverrar réttar skal selja hlutaðeigandi hreppssjóði til inn-
tektar, sem þó greiði fyrir réttarstaði alt að 12 kr., ef eigi er áður öðruvísi um
samið.

IX. kafli

Um meðferð á óskilafénaði.

39. gr.

Allar óskilakindur skal tafarlaust selja jafnóðum og þær koma fyrir í
bygðasafnsréttum, og ennfremur þær óskilakindur, er finnast að afloknum bygðar-
söfnum veturinn út. Skulu hreppstjórar að öllum haustréttum loknum senda í

8 hvern hrepp sýslunnar skýrslu yfir alt hið selda fé, og mega eigendur þess leiða 12. jan. sig að andvirðinu, er tveir mánuðir eru liðnir frá söludegi til septemberloka árið eftir, að frádregnum öllum kostnaði.

40. gr.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn að sauðfé, hlýtur eigandi að hafa lögheimilt og auglýst mark. Gefi tveir eða fleiri sig fram sem eigendur að sama marki, er hreppsnefndinni ekki skylt að svara kindinni eða andvirði hennar, fyr en einhver þeirra hefir löglega sannað forgangsrétt sinn.

41. gr.

Hross þau, sem lenda í óskilum við skilarétt að þeim, skal í réttarlok meðfarið sem óskilafé, og gefnir út lýsingarseðlar um þau til allra hreppsnefnda í sýslunni, en höfð í vöktun í 3 vikur frá hrossaréttardegi fyrir 10 aura borgun fyrir hrossið um hvern sólarhring, en hálfu minna fyrir folald undir meri. Týnist hross úr vöktun, hefir vöktunarmaður fyrirgjört vöktunarkaupi sínu fyrir það.

42. gr.

Að liðnum þessum fresti skulu óskilahross þessi seld við opinbert uppboð, ef eigandi hefir eigi leitt sig að, og skal uppboðsdagurinn fyrirfram tiltekinn á lýsingar- og markaðsseðlinum. Eigandi hefir rétt til að fá eign sína, að frádregnum uppboðskostnaði, vöktunarkaupi og öðrum áföllnum kostnaði, til næstu ársloka á eftir, og til að fá andvirði þess til septembermánaðarloka næsta ár. Að öðrum kosti færist andvirðið til inntektar hlutaðeigandi sveitarsjóði.

43. gr.

Óskilahross, sem finnast kunna á öðrum tíma árs, og eigandi þekkist eigi að, eða býr utan hrepps, þótt þektur sé, má afhenda hreppsnefndinni til ráðstöfunar og umönnunar, og fer hún með þau eins og fyrir er mælt um hross, er lenda í óskilum í skilarétt.

44. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar n. á. skulu hreppstjórar senda manni, er sýslnefndin kys til þess, greinilegar lýsingar yfir allan þann óskilafénað, sem seldur hefir verið og enginn hefir leitt sig að. Hinn kjörni maður sendir síðan eftirrit af lýsingum þessum til prentunar í »Lögbirtingablaðinu«. Ásamt lýsingunum skulu hreppstjórar af verði óskilafénaðarins senda 25 aura fyrir hverja kind í auglýsingarkostnað. Á sama hátt skal lýsa seldum óskilahrossum.

X. kafli.

*Um vorréttir.*8
12. jan.

45. gr.

Hreppsnefndirnar í Hvolhreppi, Fljótshlíðarhreppi og Landeyjahreppum skulu sjá um, að sérhver búandi maður í hreppum þessum smali heimalönd sín mánudaginn í 6. viku sumars og 30. júní eða næsta virkan dag með tilliti til fráferna. Hreppsnefndir annarstaðar í sýslunni skulu sjá um, að slík smölun fari fram frá byrjun 6. viku til loka 9. viku sumars. Öllum aðkomnum fénaði, sem finst, og eigandi eigi lætur hirða heima hjá mönnum, skal eftir smölunina haldið til rétta, svo sem unt er, og haldin rétt á honum eftir nánari ákvæðum hreppsnefndar. Auk þess er hreppsnefnd heimilt að fyrirskipa smölun á vorin og vorréttahöld, eftir því sem henni þykir best henta.

46. gr.

Hreppsnefndum er skylt að auglýsa vorréttardagana í næstu hreppum.

47. gr.

Í vorréttum er hvorki skylt að lýsa óskilafé né hirða ull af því, en marka skal lömb undir ám með sama marki og á þeim er.

48. gr.

Hreppsnefndir hafa að öðru leyti heimild til að gjöra nánari fyrirskipanir um vorsöfn og vorréttir, en hér er greint.

XI. kafli

Um einkunnir á fé.

49. gr.

Menn skulu einkenna fé sitt með eyrnamarki og mega hreppsnefndir skipa svo fyrir, að búendur í hreppnum skuli brennimerkja fé sitt með sýslu- og hrepps-brennimerki á horni, er sé þannig: R. 1. fyrir Ásahrepp, R. 2. fyrir Holtahrepp, R. 3. fyrir Landmannahrepp o. s. frv. eftir röð hreppanna í markaskrá sýslunnar.

50. gr.

Öll mörk sýslunnar skal rita á eina skrá og skal prenta hana að minsta kosti á 10 ára fresti. Borgun fyrir að fá prentað hvert mark skal vera 50 aurar í hvert sinn, sem það er prentað, og rennur sú borgun í sýslusjóð.

Ef einhver flytur inn í sýsluna eða tekur upp nýtt mark, er hann skyldur að tilkynna það oddvita í sínum hreppi, er ritar það á viðeigandi stað í hina gildandi markaskrá, og tilkynnir það svo öllum oddvitum sýslunnar, er einnig

8 skulu innfæra markið og sjá um, að markabækur með þessum innfærslum séu í 12. jan. hverri skilarétt. Eigandi kindar missir eignarrétt sinn að henni, ef hún lendir í óskilum og mark er eigi auglýst í markaskrá sýslunnar.

51. gr.

Eigi skulu menn hafa námerkt frekara en þörf gerist, og hefir sýslunefnd rétt til að kveða á um, hversu námerkt má vera. Sá, sem tekur upp náíð mark, eða flytur inn í sveit með náíð mark, skal breyta marki sínu, en sá, sem á erfða-mark eða fyrir er, skal halda sínu marki.

52. gr.

Eigi má prenta í markabók neitt mark, sem er afeyrt.

XII. kafli.

Um sölurekstra.

53. gr.

Alt fé í sölufjárrekstrum skal rækilega merkt með skýru rekstrarmerki, er sé svo glögt, að sjáist vel tilsýndar í björtu, og svo traust, að eigi geti máðst af.

54. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minstur bagi verði að, þeim sem land eiga, þar sem fé er rekið um.

Varast skal að rekstrum lendi saman við annað fé. Alls ekki má halda áfram með rekstur þegar dimt er orðið að kveldi, og ekki leggja upp að morgni fyr en sauðljóst er.

Yfirmaður reksturs ber ábyrgð á, að reglum þessum sé hlýtt.

XIII. kafli

Um grenjaleitir, refaveiðar og eitranir.

55. gr.

Hreppsnefndir skulu vandlega annast um grenjaleitir og refaveiðar; þær skipa fyrir um grenjaleitir í tækan tíma, bæði, í afréttum og heimalöndum, og gæta þess vandlega, að þeirrar almennu skyldu sé gætt, að hver og einn leiti rækilega í heimalandi sínu, þar sem grenjavon er.

56. gr.

Til grenjaleitar í afrétti ber hverjum einum, sem hlut á að máli, að leggja fullgildan mann einu sinni á ári, ef á þarf að halda, en þurfi eigi allra með í senn í afrétt, er á hreppsnefndarinnar valdi að sameina menn til leitarinnar, eða flokka þá saman og láta sinn flokkinn fara hvert ár eða í hverja leit, ef fleiri þarf að gjöra en eina á ári.

8
12. jan.

57. gr.

Skotmaður skal vera við grenjaleitir í afrétti. Borgun til skotmanns fyrir hvert fullorðið dýr, sem hann vinnur, er 2 kr. fyrir fyrra dýrið, sem hann vinnur, en 3 krónur fyrir hið síðara, fyrir hvern yrðling 50 aur., kaup og fæði um daginn 2 krónur og fyrir hest 1 krónu um daginn. Ef skotmaður er hlutaðeigandi leitarmaður, reiknast borgunin einungis fyrir þann tíma, sem gengur til þess að liggja yfir greni; fyrir þann tíma ber einnig að borga öðrum grenmönnum alt að sömu upphæð um daginn. Á sama hátt ber að borga skotmanni fyrir gren unnið í heimalandi.

58. gr.

Skylda til grenjaleita í afrétti byggist á sama grundvelli og skylda til aðalfjallssafns.

59. gr.

Sérhver hreppsnefnd í þeirri sveit, er liggur til afréttar eða fjall-lendis, skal að hausttímanum annast um eitrun fyrir refi á þessum svæðum, og eins þótt landið tilheyri einstökum mönnum.

60. gr.

Hreppsnefnd má banna alla smölun og umferð í afréttum, er hún álitur að spilla muni fyrir refaveiðum.

61. gr.

Allan kostnað, er leiðir af refaveiðum og eitrunum fyrir refi, skal greiða af hlutaðeigandi sveitarsjóði.

Einnig er heimilt að greiða af sveitarsjóði kostnað við grenjaleitir í afréttum, ef hreppsnefnd þykir haganlegra að fá nokkra menn til þess, heldur en að búendur alment leggi menn til grenjaleitar.

XIV. kafli.

Um smáafrétti.

62. gr.

Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps skal sjá um fjallskil, réttahöld, grenjaleitir o. s. frv. í smáafréttunum: Þórsnörk, Teigs og Múlatungum og Guðrúnar-

8 tungum. Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps sér um það á Almanningum, 12. jan. Merkurtungum, Stokkholti og Steinsholti, og hafa hreppsnefndirnar rétt til að gera nauðsynlegar fyrirskipanir í þessu efni.

Sá eða sú hreppsnefnd, sem heldur Goðaland til uppreksturs, hafi öll umráð yfir afréttinum, að því er snertir réttahöld, grenjaleitir o. fl. og skal þar halda skilarétt.

63. gr.

Hinar almennu reglur, er gilda um afrétti í sýslunni, skulu einnig gilda um smáafrétti þessa, en þó skulu sérstaklega gilda um þá þessar reglur:

Fjallskil og réttahöld skulu fram fara með tilsjón tveggja manna, sem eru settir til þess, annar af hreppsnefndinni í Fljótshlíðarhreppi, en hinn af hreppsnefndinni í Vestur-Eyjafjallahreppi, á kostnað þeirra, sem afréttinn nota.

Afréttir skulu smalaðir svo, að eigi verði misgöngur á milli.

Eftirleit skal fram fara föstudaginn í 24. viku sumars. Skal eftirsafnið réttað í afréttunum á sama hátt og aðalsafnið. Öll söfnin skulu könnuð á vixl þannig, að Fljótshlíðingar hirða alt fé, sem þekkist að vera utan yfir Markarfljót, en Vestur-Eyjafjallamenn á sama hátt það, sem tilheyrir Eyjafjallahreppunum. Um óskilafé, sem ekki þekkist, ræður afréttur til hvers hreppsins skuli ganga. Eftirleitinni skal lokið svo snemma, að eftirsafnsféð nái í næstu bygðasafnsréttir Fljótshlíðarhrepps og Vestur-Eyjafjallahrepps.

Grenjaleitir, refaveiðar og eitranir á smáafréttum þessum skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir annast um á kostnað þeirra, er halda afréttina til notkunar, en ef þeir eigi borga góðfúslega, þá skulu eigendur afréttanna borga þennan kostnað, þó má greiða af sveitarsjóði Vestur-Eyjafjallahrepps þennan kostnað á Almanningum, Merkurtungum, Stokkholti og Steinsholti, ef hreppsnefndin ákveður svo.

XV. kafli.

Um sektir og málsóknir.

64. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 2—100 kr. sektum. Uppljóstrarmaður eða uppljóstrarmenn fá fjórðung sekta, en hinn hlutinn rennur í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

65. gr.

Með mál útaf brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

66. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugjörð fyrir Rangárvallasýslu 25. júní 1894.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefir samið og sam- 8
þykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr, 14, 22. marz 1890 12. jan.
og nr. 36, 24. nóv. 1893, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. maí 1911.

Í stjórnarráði Íslands, 12. janúar 1911.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Auglýsing

9
14. jan.

um veiting verðlauna úr Ræktunarsjóði á árunum 1912—1914.

Eftir tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands og í samræmi við álitsskjal millipinganefndarinnar í landbúnaðarmálum, er skipuð var árið 1904, hefir stjórnarráðið ákveðið, að við úthlutun verðlauna úr Ræktunarsjóði Íslands á árunum 1912—1914 skuli aðallega taka tillit til góðrar hirðingar á áburði og þá sérstaklega til byggingar haugshúsa og fora, og þarf þess því að vera getið í vottorðum þeim, sem fylgja umsóknum um verðlaun úr sjóðnum, hvort umsækjandi hirði vel áburð, og hvort hann hafi á bæ sínum vel gjört haugshús, lagarhelda for og salerni.

Stjórn Búnaðarfélagsins hefir tjáð sig fúsa til að veita leiðbeiningar um gerð haugshúsa o. s. frv. þeim, sem snúa sé til hennar í því efni.

I stjórnarráði Íslands, 14. janúar 1911.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.